

Sp.

594. Fyrirspurnir.

[274. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um útibú Veiðimálastofnunar á Austurlandi.

Frá Sveini Jónssyni.

1. Hvað liður stofnsetningu útibús Veiðimálastofnunar á Austurlandi, sem samþykkt var á Alþingi með þingsályktun í maí 1980?
2. Hvernig var nýtt sú fjárveiting, sem sérmerkt var stofnuninni í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1981 og samþykkt var því beinlínis til Austurlands?

II. Til félagsmálaráðherra um lögmannskostnað og ríkisábyrgð á launum.

Frá Halldóri Blöndal og Pétri Sigurðssyni.

1. Hve háum fjárhæðum var varið árin 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot?
2. Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?
3. Hvernig ákvarðar félagsmálaráðuneytið greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmannskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðir eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuliða í viðkomandi þrotabúi?
4. Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmannskostnað, c) vexti?
5. Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?
6. Hver er hæsta fjárhæð sem einstökum launþega hefur verið greidd samkvæmt þessum lögum?

III. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá Steinþóri Gestssyni.

1. Hefur landbúnaðarráðherra fyrirskipað, skv. ákvæðum 3. gr. laganna, eftirlit með innflutningi og dreifingu innanlands á mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru því sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur?
2. Telur landbúnaðarráðherra ástæðu til að gera varnaðarráðstafanir skv. ákvæðum 2. gr. laganna, m. a. með hliðsjón af gin- og klaufaveikifaraldri sem geisar í Danmörku?